

Til hamingju með daginn kæru útskriftarnemar, rektor og aðrir góðir gestir.

Það er á tímamótum sem þessum, þegar mikilvægum áfanga í lífinu eru náð, að flest okkar staldra aðeins við og hugsa: **hvað nú?** Möguleikarnir sem eru í boði eru nánast yfirþyrmandi margir, en samt er einhvern veginn ekkert fast í hendi? Þessi **tímamót** sem þið standið á **kæru útskriftarnemar** eru sannkallað tækifæri. **Tækifæri** til að taka skref út í atvinnulífið og **þora** að takast á við nýjar áskoranir. Læra. Stíga mögulega nokkur feilspor en standa jafnhvort upp aftur. Halda áfram. Öðlast reynslu og þroskast.

Ég þori að fullyrða að **ekkert okkar** sem eru komin aðeins lengra í lífinu hefur fetað einn beinan og breiðan veg án nokkurra mistaka. Stofnandi bílaframleiðandans Honda, Sochiro Honda, sagði að eina leiðin til þess að ná árangri er að gera mistök. Verið því ekki hrædd við að gera mistök! Eina leiðin er að prófa sig áfram og finna smám saman hvar styrkleikarnir liggja. Persónulega er ég enn að feta þennan veg og sé ekki fyrir endann á honum...

Eitt er víst, öll þurfum við að hafa fyrir hlutunum. Ekkert kemur að sjálfu sér. Rétt eins og þið hafið lagt hart að ykkur til að klára ykkar mikilvægu lokapróf, munið þið áfram þurfa að leggja hart að ykkur til að uppskera árangur – á hvaða sviði sem þið veljið. Það er því mikilvægt að finna sér vettvang sem ykkur þykir áhugaverður, spennandi, helst skemmtilegur, en sjálfbær á sama tíma.

Á tímum þar sem tæknin er að breyta leikreglum atvinnu- og viðskiptalífsins er nánast ómögulegt að segja til um hvað þið munið starfa við á næstu árum. Starfsemi fyrirtækja og uppbygging þeirra er að gjörbreytast og kröfur til starfsfólks sömuleiðis. Við þurfum því að vera tilbúin að aðlagga okkur að breyttum heimi þar sem sjálfvirknivæðing og gervigreind munu leika stærra hlutverk en áður.

Þar skipta ykkar viðhorf og gildi ekki síst máli. Ég leyfi mér að vitna í rúmlega tuttugu ára gamla, en sígilda bók John P. Kotter prófessors í Harvard um breytingar. Þar segir hann um æskilegar hefðir hugans á 21. öldinni - þær skulu einkennast af:

**Vilja til að taka áhættu** og fara út fyrir það sem er þægilegt

**Auðmjúkri sjálfsskoðun** -heiðarlegu mati á eigin árangri og mistökum, einkum því síðarnefnda

**Að leita ákaft eftir hugmyndum** og skoðunum frá sem flestum

**Að hafa opinn huga** gagnvart nýjum hugmyndum, lífinu sjálfu

Ljóst er að fyrirtæki sem byggja á þekkingu og sköpun munu standa undir sívaxandi hluta verðmætasköpunar í heiminum, og það verður í þannig fyrirtækjum sem áhugaverðustu og bestu störfin verða til.

Gamla verksmiðjuhugsunin þar sem starfsfólk stimplar sig inn og út á ákveðnum tímum er liðin. Mörk vinnu og einkalífs hafa rofnað, þetta er komið allt í einn graut og því enn mikilvægara að

huga því hvernig starfi við viljum sinna. Er starfið uppbyggilegt, umhverfisvænt, ber það samfélagslega ábyrgð, er það jafnréttismiðað... og ekki síst, er það vel launuð?! Að mörgu þarf að huga.

Kæru útskriftarnemar. Ég er stolt af aðkomu Viðskiptaráðs Íslands að stofnun og uppbyggingu Háskólans í Reykjavík. **Viðskiptaráð** hefur í nær 100 ár lagt metnað í að styðja við menntun á Íslandi og teljum við það **okkar mikilvægasta framlag til atvinnulífs og samfélagsins í heild**.

Rektor og sá öflugi hópur fólks sem starfa við skólann eiga hrós skilið fyrir frammistöðu sína. Fyrir rúmum áratug síðan var HR lítill viðskiptaháskóli. Í dag er skólinn framsækinn háskóli atvinnulífsins með gott tengslanet heimshorna á milli, og má þar nefna spennandi samstarf HR við MIT háskólann um að efla hagvöxt með nýsköpun og tilurð nýrra starfa.

Um leið og ég óska öllum útskriftarnemum til hamingju með daginn er það mér mikil ánægja að veita **viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsárangur**, fyrir hönd Viðskiptaráðs Íslands. Hefð er fyrir því að Viðskiptaráð veiti þeim nemanda sem hæsta einkunn fær frá hverri deild HR viðurkenningu við útskrift. Viðurkenningarnar nú eru bækurnar Forystuþjóð og 100 ára saga Viðskiptaráðs – en ráðið fagnar nú aldarafmæli.

Ég vil því biðja eftirtalda nemendur að koma hér upp og veita viðtöku þessari viðurkenningu:

Úr lagadeild - Sigríður María Egilsdóttir, BA í lögfræði Úr tækni- og verkfræðideild – Magnús Hagalín Ásgeirsson BSc í tæknifræði Úr tölvunarfræðideild – Agnes Jóhannesdóttir BSc í hugbúnaðarverkfræði Úr viðskiptadeild – Brynjar Gauti Guðjónsson, BSc í viðskiptafræði

Að lokum vil ég að óska starfsfólki HR til hamingju með uppskeruna og útskriftarnemum og aðstandendum aftur til hamingju með daginn. Takk fyrir.